

Gítarleikur

kennslubók fyrir byrjendur.



Garðar Harðar

Formáli:

Þessi bók er ætluð til kennslu byrjenda í gítarleik. Markmið bókarinnar er að nemendur geti leikið undir eigin söng og annarra, öll einfaldari lög.

Í megin atriðum er ætlunin með bókinni að læra einfalda hljóma, (stundum kölluð vinnukonugrip), og að slá léttan takt undir í lögunum.

Aðalatriðið er: Að fýta sér hægt, og ná að leika hvern hljóm, áður en farið er í þann næsta.

Þær kennslubækur sem ég hef notað undanfarin ár, hafa mér þótt fara heldur hratt yfir efnið, og hefur viljað brenna við að nemendur hafi gefist upp vegna þessa. Því er ætlun mín með þessum bókarskrifum að hafa verkefni með hverri hljómaseríu fleiri, svo fjölbreyttara verði fyrir nemendur.

Gangi ykkur vel !

Garðar Harðar.

Að stilla gítarinn

Áður en byrjað er að spila,
verður að stilla gítarinn. Það er gert á eftirfarandi hátt:





Strengirnir heita talið frá þeim efsta (dýpsta).

E, A, D, G, H, E

Við stillum djúpa E strenginn (þann efsta) eftir einhverju hljóðfæri og síðan stillum við hina strengina eftir honum, þannig að við styðjum fingri á 5 band á þessum streng, og látum næsta streng (A) hljóma lausan þar til hann hljómar eins, og þannig áfram koll af kolli, þar til kemur að (H) streng, en hann er sá eini sem stilltur er öðruvísi, það er að þá styðjum við fingri á (G) streng á 4 bandi. Svo er granni (E) strengurinn stilltur eins og hinir fyrri, það er að styðja fingri á (H) streng á fimmta bandi og láta granna (E) strenginn hljóma lausan.

Svo er alltaf hægt að fara í hljóðfæraverslun og kaupa sérstakt gítarstillitæki, sem gengur fyrir rafhlöðum, og er einfalt í notkun.

Hljómatafla





1 Æfing Em.

Krummavísur

(Em) Krummi svaf í klettagjá
(Em) kaldri vetrarnóttu á
(Em) verður margt að meini
(Em) verður margt að meini

Fyrr en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
undan stórum steini
undan stórum steini

Allt er frosið úti gor
ekkert fæst úr ströndu mor
svengd er metti mína
svengd er metti mína.

2 æfing D.

Meistari Jakop

- (D) Meistari Jakop
- (D) meistari Jakop
- (D) sefur þú
- (D) sefur þú
- (D) hvað slær klukkan
- (D) hvað slær klukkan
- (D) hún slær þrjú
- (D) hún slær þrjú

3 æfing Em & D.

The drunken sailor

(Em) What shall we do with the drunken sailor

(D) what shall we do with the drunken sailor

(Em) what shall we do with the drunken sailor

(D) early in the (Em) morning

(Em) Put him in the long boat 'till he's sober

(D) put him in the long boat 'till he's sober

(Em) put him in the long boat 'till he's sober

(D) early in the (Em) morning

:/: Pull out the plug and wet him all over :/:
early in the morning

:/: Put him in the scruppers with a hose-pipe on him :/:
early in the morning

:/: Heave him by the leg in a running bowlin' :/:
early in the morning

:/: That's what we do with the drunken sailor :/:
early in the morning

4 æfing D&A7

Súrmjólk í hádeginu.

(D) Ég er bara fimm ára og kenna á því (A7) fæ klukkan sjö á morgnana er mér dröslað niður í (D) bæ Enginn tekur eftir því þó heyrir lítið (A7) kvein því mamma er að vinna og er orðin allt of (D) sein.

(D) Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á (A7) kvöldin mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn (D)er Súrmjólk í hádeginu og Cheerios á (A7) kvöldin hún mamma er svo stressuð en þó mest á sjálfri (D) sér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í flýti
Mig sárverkjar í handleggina eftir mömmu tog
Ennþá drottnar dagmamman með ótal andlitslýti
Það er eins og hún hafi fengið hátt í hundrað þúsund flog

Súrmjólk í hádeginu.....

5 æfing D & A

Pálína

D) Það var einu sinni kerling og hún hét Pálína
Pálína-na-na Pála-(A)Pála-Pálína
það eina sem hún átti var saumamaskína
maskína-na-na sauma-(D) saumamaskína

Og kerlingin var lofuð og hann hét Jósafat
Jósafat-fat-fat Jósa-Jósa Jósafat
og hann var voða heimskur en hún var apparat
apparat-rat-rat appa-appa-apparat

Og karlinn átti kúttur og hann hét gamli Lars
Gamli Lars Lars Lars Gamli Gamli Gamli Lars
hann erfði hann frá múttur en hún var voða skass
voða skass skass skass voða voða voða skass

6 æfing D&A7&G

Ég langömmu á

(D) Ég langömmu á sem að létt er í (A7) lund
hún leikur á gítar hverja einustu (D) stund
í sorg og í gleði hún leikur sitt (G) lag
jafnt (A7) sumar sem vetur jafnt nótt sem (D)

Eitt kvöldið er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að þar
er eldurinn logaði um glugga og göng
sat sú gamla upp á þaki og spilaði og söng

7 æfing D,A,G,A7&D7

Blíðasti blær

(D) Fegurð landsins fjalla
(A)foss í klettagjá
(A7) hrífur hugi alla
(D) heillar silungsá
áður saman (D7)undum
(G) upp við vötnin blá
(D) blíðasti blær
(A7) bar okkur landi (D) frá

Hlíddum (A7) á
hjörtun (D) slá
og hinn blíðasti blær
(A7) bar okkur landi frá (D)

Enn er mér í muna
manstu allt var hljótt
ein við máttum una
úti þessa nótt
yfir hvelfdist húmið
heiðarvötnin blá
og hinn blíðasti blær
bar okkur landi frá

Hlíddum á

8 æfing D,A7&Em

He's got the whole world

(D) He's got the whole world in His hands
he's got the (Em) whole world (A7) in His hands
he's got the (D) whole world in His hands
he's got the (Em) whole world (A7) in His (D) hands

He's got the little babies in His hands
He's got the little babies in His hands
He's got the little babies in His hands
He's got the little babies in His hands

He's got you and me brother in His hands
He's got you and me brother in His hands
He's got you and me brother in His hands
He's got you and me brother in His hands

He's got the gamblin' man in His hands
He's got the gamblin' man in His hands
He's got the gamblin' man in His hands
He's got the gamblin' man in His hands

He's got the whole world in His hands
He's got the whole world in His hands
He's got the whole world in His hands
He's got the whole world in His hands

9 æfing A,D&E7

Laus og liðugur

(A) Sigurður er (E7)sjómaður
sannur vestur (A) bæingur
alltaf fer hann (D) upplagður
(E7) út að skemmta sér

(A) Dansar hann við (E7) dömurnar
dásamaður (A) allstaðar
með ungar jafnt sem (D) aldraðar
(E7) út á gólfið (A) fer

Í Vínarkrus og (E7) vals og ræl
hann vindur sér á (A) tá og hæl
þolir hvorki (D) vol né væl
(E7) vaskur maður er

(A) Kátur syngur (E7)Sigurður
svona er að vera (A) einhleypur
alltaf laus og (D) liðugur
(E7) líkar þetta (A) mér.

10 æfing C, F, DM, G7

Komdu og skoðaðu í kistuna mína

(C) Komdu og skoðaðu í (F)kistuna(Dm)mína
í(G7) kössum og handröðum (C) þar á(G7)ég(C)nóg
sem mér hafa gefið í(F)minningu(Dm)sína
(G7)meyjarnar allar sem(C) brugðust(G7)mér(C)þó
í handröðum þessum ég (F)hitt og þetta(Dm)á
sem(G7) heldur en ekki er (C)fróðlegt að(G7)sjá

Tra(C) rall la la, la la la(F)la la la(Dm)la la la
(G7)la la la, la la la (C)la la (G7)la(C) la

Hildur mín gaf mér nú hringinn þann arna,
Er hringar sig líkt eins og ormur að sjá.
Hann er sem eilífðin; horfðu á að tarna
En hvað löng varð eilífðin. Mánuði þrjá
Sitthvað ég líkt með þeim síðar meir fann
Sú kunni að snúa sér rétt eins og hann.

11 æfing G,A,D,D7

Anna í hlíð.

(G)Ég fór að smala kindum
(A)kvöld eitt fram í dal
og(D)kominn var ég lengst inn í bláan fjalla(G)sal
Þá ungri mætti ég blómarós
Með(A)augun djúp og blíð
Og(D)er ég spyr að nafni hún ansar
Anna í (G) Hlíð

(G)Anna í Hlíð(A) Anna í Hlíð
með(D) augun djúp svo yndisfríð
af(G)ástarþrá ég kvalir líð
Anna í Hlíð (A) Anna í Hlíð
Nei(D) engin er eins fríð
Og hún(D7)Anna mín í (G) Hlíð.

Ég örmum vafði Önnu
svo hún andann varla dró
mig ástin var að kæfa
og ákaft hjartað sló
svo kyssti ég hennar mjúka munn
og augun djúp og blíð
og mælti á milli kossa
Anna mín í Hlíð.

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð
Ég elska mun þig alla tíð
Og örmum vefja ár og síð
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð
Þú ert svo ung og fríð
Elsku Anna mín í Hlíð.

12 æfing C,G,Dm,F

Að lífið sé skjálfandi lítið gras

Að (G) lífið sé skjálfandi (C) lítið gras,
Má (G) lesa í kvæði eftir (C) Matthías,
En (G) allir vita hver (C) örlög fær
Sú (G) urt, sem hvergi í (C) vætu nær.

Mikið lifandi (C7) skelfingar (F) ósköp er (Dm)gaman
Að (C) vera svolítið (G7)hífa(C)ður.

Það sæmir mér ekki sem Íslending
Að efast um þjóðskáldsins staðhæfing,
En skrælna úr þurrki ég víst ei vil
Og vökva því lífsblómið af og til.

Mikið lifandi skelfingar...

Nú þekkist sú skoðun og þykir fin,
Að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín,
Menn eigi að lifa hér ósköp trist
Og öðlast í himninum sæluvist.

Mikið lifandi skelfingar...

En ég verð að telja það tryggara
Að taka út forskot á sæluna,
Því fyrir því gefst ekkert garaní
Að hjá guði ég komist á fyllirí.

Mikið lifandi skelfingar...

13 æfing C7,G7,F7

Teldu fingurna

(C7) Þetta er besta skinn, besti vinur þinn.
Tekur hlýlega í hönd og kyssir þig á kinn.
Og þú (F7) stendur stjarfur, Þú skilur ekki neitt
Því hann (C7) frystir þig með brosi
Sem hann fékk hjá Colgate.

(G7) Því skaltu telja fingurna, 1.2.3.
Þessi (F7) úlfabros geta verið svo dýr.

Hann selur fífil og fjall fyrir fimmþúsundkall
Því hann er viðskiptajöfur, hann er geysilega snjall.
Já, hann er gefinn fyrir grín,
Sérðu bara hvernig hann hlær
Þegar hann rukkar þig um milljón
Þótt hann skuldi þér tvær.

Því skaltu telja fingurna, 1.2.3.....

Já, hann ruggar og rær og telur á sér tær,
Segist breyttur maður, öðruvísi en í gær.
Snúum bökkum saman, fyrirheitin eru góð
Ég segi varaðu þig , varaðu þig
Hann þyrstir í blóð.

Og þú skalt (G7) telja fingurna, 1.2.3.
Þessi (F7) viðskiptajöfur hann er ekki nógu skýr,
(C7) hann er einhverskonar dýr.

(G7) Teldu fingurna, 1.2.3. Þessi (F7) úlfabros geta
verið svo dýr. (C7)

(G7) Teldu fingurna, það vantar alla fimm.
Þessi (F7) viðskiptaveröld
Er alltof grimm. (C7)

14 æfing C,G7,F

Bein leið

(C) Bein leið gatan liggur greið.
Bein (F) leið, gatan liggur (C) greið.
Það kostar (G7) svita og blóð (F) að fara þessa (C) slóð.

(C)Ég var á vappi um bæinn, það var um miðjan daginn,
sá fullt af kynjaverum undir himni berum.
Viltu (F) heyra? Ljáðu eyra, heyrðu meira(C)
Það kostar (G7) svita og blóð (F) að fara þessa (C) slóð.

Það var einn guðsgeldingur, þessi einfeldningur.
Hann var snapvís sníkill, sligaður fíkill.
Hann var kvalinn, illa alinn.
Það kostar svita og blóð að fara þessa slóð.

Bein leið...

Einn átti milljónkall, keypti sér kólafjall.
Tók alla kösina, Í aðra nösina
Hann varð galinn. Ég er farinn, ég er farinn.
Það kostar svita og blóð Að fara þessa slóð.

Bein leið....

15 æfing D,A,G

Fatlafól

Ég (D) þekkti einu sinni fatlafól
Sem (G) flakkaði um í (D) hjólastól
Með bros á vör og berjandi þó (A)lóminn.
Hann (D) ók loks í veg fyrir valtara
Og (G) varð að klessu-(D)ojbara.
Þeir tóku hann upp með kítisspaða
Og (A) settu hann beint á (D) sjónminjasafnið.

(G) Faltafól, (D) fatlafól,
(A) flakkandi um á tíu gíra (D) spíthjólastól,
(G) ók loks í veg fyrir valtara
og (A) varð í klessu – (D) ojbara.
Þeir tóku hann upp með kítisspaða
Og (A) settu hann beint á (D) sjónminjasafnið.

16 æfing A,E,D,H7

Fiskurinn hennar Stínu

(A)Eitt sinn fór hún Stína litla á sjó með pabba sínum.
Hún veiddi ofurlitla bröndukló með öngli (H7)fínum. (E)

(A)Daginn eftir mamma hennar plockfisk bjó,
Stína vildi ei borða' ann. Hvað, (H7)viltu ekki fiskinn,
Stína (E)þó," pabbinn tók til (A)orða.

Fiskinn (D)minn,
Nammi,nammi, (A)namm.

Fiskinn (E)minn,
Nammi, nammi, (A)namm.

Fiskinn (D)minn,
Nammi, nammi, (A)namm.

Fiskinn (E)minn,
Nammi, nammi, (A)namm.

Ömmu sína Stína fór að sjá, hún spurði fréttu.
Hvað hún veitt hefði nú sjónum á, Stína sagði þetta:
„Ég plockfisk veiddi alveg ein
og var að borða hann.
Já, ég plockfisk veiddi alveg ein
Og var að borða hann.”

Fiskinn minn,
Nammi, nammi, namm.

Fiskinn minn,
Nammi, nammi, namm.

Fiskinn minn,
Nammi nammi, namm.

Fiskinn minn,
Nammi, nammi, namm..

17 æfing C,F,G

Bjarnastaðabeljurnar

(C)Bjarnastaðabeljurnar
þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar,
Það vantar eina kúna.
Það (F)gerir ekkert til,
Það (C)gerir ekkert til,
Hún (G)kemur um miðaftans(C)bil.

18 æfing C,F,G7

Einsi kaldi úr Eyjunum

Ég heiti (C)Einsi kaldi úr (G7)Eyjunum.
Ég er innundir hjá (C)meyjunum.
Og hvar sem ég um (F)heiminn fer,
Þær (G)horfa á (G7)eftir (C)mér.
Ég hef silgt um höfin (G7)hrein og blá
Og hitt þær bestu í (C)Spánía.
Þær slógust þar um mig, (F)einar þrjár
Með (G)alveg (G7)kolsvart (C)hár.

(F)Tra-la-la. (C)Tra-la-la. (G7)Úti' á sjónum (C)er mitt líf.
Tra-la-la. Tra-la-la. En í landi ást og víf.

Ég var lengi í kónsins Kaupinhöfn
Og kannski gæti ég fáein nöfn
Látið þig fá, ef langar þig
Og laglega biður mig.
Og þaðan fór ég til Þýskalands
Og þar lenti ég í meyjafans,
Því allar vildu þær eignast mann,
Og maðurinn – ég var hann.

Tra-la-la...

Og austur á fjörðum eitthvert kvöld,
Ég álpaðist í töðugjöld.
Ég bjargaði mér fyrir björgin dimm,
Því þær báðu mín einar fimm.
Í Borgarfjörðinn brá ég mér
Á ball, rétt eins og gengur hér.
Þar hópurinn allur horfði á mig
Og hver vildi reyna sig.

Tra-la-la..

19 æfing G,C,A7,D,D7

Fram í heiðanna ró

Fram í heiðanna ró

Fram í (G)heiðanna ró
Fann ég (C)bólstað og bjó
Þar sem (G)birkið og (A7)fjalldrapinn (D)grær. (D7)
Þar er (G)vistin mér góð,
Aldrei (C)heyrir þar hnjóð,
Þar er (G)himininn (D7)víður og (G)tær.

Heiðar(D7)bóli ég (G)bý,
Þar sem birkið og (A7)fjalldrapinn (D)grær.
Þar er (G)vistin mér góð,
Aldrei (C)heyrir þar hnjóð,
Þar sem (G)himininn (D7)víður og (G)tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
Upp í stjarnanna fjöld
Hef ég starað í spyrjandi þrá.
Mundi dýrðin í geim
Bera af dásemdum þeim,
Sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarbóli ég bý...

Þetta loft er svo tært.
Finnið þytmjúkan þey.
Hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi ekki borg
Né blikandi torg
Fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarbóli ég bý..

20 æfing C,C°,Dm,A7,G7,D7,H7,Am

Ágústnótt

(C)Undurfagra (Dm)ævintýr,
(G7)ágústnóttin (C°)hlj(C)óð,
(A7)um þig syngur (Dm)æskan hýr
(G7)öll sín bestu (C)ljóð.

Ljósín kvikna, brennur bál,
Bjarma slær á grund.
Ennþá fagnar sérhver sál
Sælum endurfund.

(Dm)Glitrandi (D7)vín og (G)víf
(H7)veita mér stundar(Em)frið.
(Am)Hlæjandi (Dm)ljúfa líf,
(D7)ljáðu mér ennþá (G)bið.

Undurfagra ævintýr,
Ágústnóttin hljóð,
Hjá þér ljómar ljúf og hýr
Lífsins töfraglóð.

21 æfing E,H7,A

Ef þú giftist.

Ef þú giftist mér

(E)Ég skal kaupa þér (H7)kökusnúð
með kardimommum og sykur(E)húð,
(A)ef þú giftist, (E)ef þú bara giftist
(A)ef þú (H7)giftist (E)mér.

Ég skal gefa þér gull í tá
Og góða skó til að dansa á,
Ef þú giftist, ef þú bara giftist,
Ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög
Og leika undir á stóra sög,
Ef þú giftist, ef þú bara giftist,
Ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í
Svo finni þig ekkert pólití,
Ef þú giftist, ef þú bara giftist,
Ef þú giftist mér.

22 æfing E,H7,A

Ísland er land þitt

Ísland er land þitt

(E)Ísland er land þitt og (H7)ávallt þú (E)geymir,
(A)Ísland í huga þér, (E)hvar sem þú ferð.
(H7)Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú (E)sérð. (-7)
(A)Ísland í sumarsins (H7)algræna skróði,
(E)Ísland með blikandi (A)norðljósatraf.
Ísland er feðranna (H7)afrekum hlúði.
(A)Ísland er foldin, sem lífið(H7) þér (E)gaf.

Ísland er land þitt því aldrei skal gleyma.
Íslandi helgar þú krafta og starf.
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
Íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
Ísland sé blessað um aldanna raðir,
Íslenska moldin, er lífið þér gaf.
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

23 æfing D,G,A7

Kötukvæði.

Kötukvæði

Það var um (D)kvöld eitt að Kötu ég mætti.
Hún var að koma af engjunum (A7)heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
Og nærri (D)aldimmt á kvöld(A7)unum þeim(D)

Hún var svo ung eins og angandi rósir.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
Og augun leiftruðu þögul og kyrr.

(G)Hlýtt ég tók í hönd á (D) Kötu
(A7)horfði í augun djúp og (D).blá.
(G)Gengum síðan burt af (D),götu,
(E7)geymdi okkur náttmyrkrið (A7)þá.

En þegar eldaði aftur og birti
Í hjarta ákafan kenndi ég sting.
Og fyrir augum af angist mig syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring.

24 æfing Em,H7,A, Am,G

Minning um mann

Nú (Em)ætla ég að (G)syngja ykkur
(A)lítið fallett (Am)ljóð,
um (Em)ljúfan dreng sem (G)fallinn er nú (H7)frá.
Um (Em)dreng sem átti (G) sorgir
En (A)ávallt samt þó (Am)stóð,
(Em)sperrtur þó að(H7) sitthvað gengi (Em) á.

Þið (Am)þekktuð þennan mann
Þið (Em)alloft sáuð hann,
Drykkjuskap til (H7)frægðar
Sér hann (Em)vann.

Í kofaskrifli bjó hann sem lítinn veitti yl,
Svo andvaka á nóttum oft hann lá.
Þá Portúgal hann teygði það gerði ekkert til,
Það tókst með honum yl í sig að fá

(Viðlag)

Börnum var hann góður, en sum þó hræddust hann,
Þau hæddu hann og gerðu af honum gys,
Þau þekktu ei litlu greyin þennan mæta mann.
Margt er það sem börnin fara á mis.

(Viðlag)

Munið þið að dæma ei eftir útlitinu menn,
Ýmsum yfir þessa hluti sést.
Til er það að flagð er undir fögru skinni enn
Fegurðin að innan þykir best.

Nú ljóðið er á enda um þennan sóma svein,
Sem að þráði brennivín og sæ.
Hann liggur nú á kistubotni og lúin hvílir bein,
Í kirkjugarði í Vestmanna eyjabæ.

25 æfing G,C,D

Ó María mig langar heim

(G)Hann sigldi út um höfin blá í (D)17 ár
og sjómennsku kunni hann (G)upp á hár.
Hann saknaði alla tíð (C)stúlkunnar
Og (G)mynd hennar (D)stöðugt í (G)hjarta hann bar.
Ó, María mig (D)langar heim.
Ó, María mig (G)langar heim.
Því (C)heima vil ég helst .(G) vera.
Ó, Ma(D)ría hjá (G)þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
Hann heillaði þar allar stúlkurnar
En aldrei hann meyjarnar augum leit
Það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

(Viðlag)

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið
Til hennar sem sat þar og beið og beið
Hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf
Og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

(Viðlag)

26 æfing F,C,Dm,Am,E

Stál og hnífur

Stál og hnífur

(Am)Þegar ég vaknaði um (Dm)morguninn
er þú (E)komst inn til (Am)mín.
Hörund þitt eins og (Dm)silki,
Andlitið (E)eins og (Am)postulín.

Við bryggjuna bátur (Dm)vaggar hljótt,
Í (E)nótt mun ég (Am)deyja.
Mig dreymdi dauðinn sagði: „(Dm)Komdu fljótt
það er svo (E)margt sem ég ætla þér að (Am)segja”.

(F)Ef ég drukkna, (C)drukkna í nótt,
(E)ef þeir mig (Am)finna.
Þú (F)getur komið (C)og mig sótt,
En þá (E)vil ég á það (Am)minna.

Stál og hnífur er merkið mitt,
Merki farandsverkamanna.
Þitt var mitt og mitt var þitt
Meðan ég bjó á meðal manna.

27 æfing C,F,G

Heim í Búðardal

Heim í Búðardal

Er ég (C) kem heim í Búðardal,
(F) bíður mín brúðarval
(C) Og ég veit það verður svaka (G) party
Bíð ég (C) öllum úr sveitinni,
(F) Langömmu heillinni,
(C) það mun verða (G) veislunni (C) margt í.

(C) Ég er lukkunnar þamfíll, svei mér (F) þá.
(C) Þó ég hafi ekki víða (G) farið.
Ég er (C) umvafinn kvenfólki,
(F) Það get ég svarið,
(C) Og minna (G) gagn gera (C) má.

Þegar vann ég í Sgiöldu,
Meyjarnar mig völdu.
Til þess að stjórna sínum draumum.
En nú fer ég til Búðardals,
Beint heim til kerlu og karls
Sem af gleði tárast í taumum.

Er ég kem heim.....

28 æfing G,C,D

Sumarliði fullur

Sumarliði er fullur

(G)Ég veit allt,
(D)ég get allt,
(C)geri allt miklu betur en fúll á (G).móti.
(G)Ég kann allt,
(D)ég skil allt,
(C)fíla allt miklu betur en fúll á (G).móti.

(G)Smíða (D)skútu skerpi skauta
bý til þrumu osta og grauta.
Haltu(G) kjafti.

Ég sé allt,
Ég man allt,
Brugga miklu betur heldur en fúll á móti.
Ég finn allt,
Ég er allt,
Hef miklu hærrí tekjur heldur en fúll á móti.

Ég er kroppur,
Ég er fróður,
Fallegrí í framan heldur en fúll á móti.
Ég er kroppur,
Ég er fróður,
Fallegrí í framan heldur en fúll á móti.
Ég er góður,
Aldrei óður,
Ekki fitukeppur eins og slappi fúll á móti.

29 æfing G,C,D,A,F,G7

Kveikjum eld

Kveikjum eld

(C)Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann (F)brennur,
sérhvert kveld(C), sérhvert (G7) kveld, syngjum (C)dátt.
(C)Örar blóð, örar blóð um æðar (F)rennur,
blikar (C)glóð, blikar (G7)glóð brestur(C) hátt.

Hæ bálið (F)brennur bjarma á kinnar (C)slær.
Að logum (Am)leikur(D) ljúfasti (G7)aftanblær.
Kveikjum eld(C), kveikjum eld kátt hann (F)brennur,
Sérhvert kveld(C), sérhvert(G7)kveld, syngjum(C) dátt.

30 æfing G,C,D7,G7,D7

Þykkvabæjarrokk

(G)Þegar ég var þínulítill patti
var mamma vön að (C) vagma mér í (G)vöggju
í þeim gömlu, kartöflugörðunum (D7).heima.
Það (G) var í miðjum (G7)Þykkvabænum
Svona 1 komma (C) 6 km fá (G)sænum
Í þeim(G) gömlu (D7)kartöflugörðunum (G)heima

Og þegar(G7) (C)kartöflurnar fara að mygla
Hætta (G)þær að fara í fyrsta flokk
Í þeim gömlu kartöflugörðunum (D)heima. (D7)
Það var í (G)miðjum (G7)Þykkvabænum
Svona 1 komma (C) 6 km fá (G)sænum
Í þeim(G) gömlu (D7)kartöflugörðunum (G)heima

